



**Staðan tekinn
á Skipulagsgátt**

**Tillaga að
landsskipulagsstefnu**

**Egill Helgason
ræðir skipulagsmál**

Viðtal við Mariu Vassilakou

Samfélag eftir máli

**Skipulagsglugginn
í Hafnarfirði**

Forstjórapistill:

Litið yfir farinn veg – og horft til framtíðar



Fyrri tölublað Torgsins árið 2024 er nú komið út. Við útgáfu Torgsins er tilefni til að líta yfir farinn veg í starfsemi Skipulagsstofnunar og segja frá því sem bera mun hæst í verkefnum stofnunarinnar næstu mánuði.

Nýnæmi við undirbúning skipulags leit dagsins ljós þegar Skipulagsgátt var tekin í notkun í júní síðastliðnum. Þegar þessi orð eru skrifuð í aðdraganda dymbilviku eru 656 mál á einhverju stigi vinnslu og kynningar í Skipulagsgátt og heimsóknum inn á gáttina fjölgar stöðugt. Starfsfólk Skipulagsstofnunar, sem stóð í eldlinunni við þróun og innleiðingu gáttarinnar, er þakklátt fyrir þau jákvæðu viðbrögð sem Skipulagsgátt hefur fengið. Gáttin hefur nú þegar sannað gildi sitt sem ein mikilvægasta upplýsingaveita málaflokksins og auðveldað aðgengi almennings að skipulagsmálum og umhverfismati. Unnið er af atorku að frekari þróun hennar, nú með það að leiðarljósi að skilvirkni hennar og notagildi verði sem best verður á kosið gagnvart notendum.

Hvert einasta skipulagsmál og umhverfismat sem afgreitt er á landinu á sér snertingu á borði sérfræðinga Skipulagsstofnunar og hlutverk okkar við að tryggja gæði, samræmi og réttmæti gagna er mikilvægt. Hinum mikla málaflölda, sem fjöldi mála í Skipulagsgátt ber til að mynda með sér, fylgja áskoranir sem ekki verður undan vikið. Í upphafi marsmánaðar tók gildi nýtt skipurit hjá Skipulagsstofnun. Þar ber hæst sameining

sviða aðal- og deiliskipulags í eitt svið, meðal annars til þess að bregðast við síauknum málaflölda og umfangi mála á meðan fjöldi starfsmanna hefur staðið í stað síðustu ár. Markmið sameiningarinnar er að auka skilvirkni í yfirferð skipulagstíllagna og að skapa svigrúm til að innleiðing og þróunarhlutverk Skipulagsstofnunar enn betur af hendi. Sú nauðsynlega vinna er framundan að slípa verklag og áherslur sameinaðs skipulagssviðs við yfirferð mála enn frekar og munu breytingar því tengdar líta dagsins ljós á næstu mánuðum.

Með breyttu skipuriti var einnig skerpt á hlutverki Skipulagsstofnunar varðandi þróun og upplýsingamiðlun um stöðu skipulags. Teymi landupplýsinga, sem vinnur þvert á svið Skipulagsstofnunar, heldur nú jafnframt utan um stafræna þróun – málaflökk sem gengur þvert á öll starfssvið stofnunarinnar. Eitt meginverkefna okkar þessa mánuði er undirbúningur stafræns deiliskipulags. Forgreiðing og gagnaöflun er komin vel á veg og stendur fyrir dyrum samráð við helstu hagsmunaaðila um þessa innleiðingu. Verkefninu skal lokið á þessu ári samkvæmt skipulagslögum og hefst þá enn nýr kafli í sögu skipulagsmála með stórbættu aðgengi að þeim heimildum og ákvæðum um nýtingu lands sem fram eru sett í aðal- og deiliskipulagi. Á tímum sem kalla á skjótt aðgengi að uppfærðum gögnum til greiningar og ákvarðanatöku – hvort sem um er að

ræða í húsnæðismálum, við nýtingu og vernd náttúruauðlinda eða aðra landnýtingu, mun þessi vegferð verða okkur verðmæt.

Á viðburðadagskrá Skipulagsstofnunar kennir ýmissa grasa næstu mánuði. Má sem dæmi nefna þátttaka í HönnunarMars í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, málstofur um náttúruvá í skipulagsmálum og stafrænt skipulag, Umhverfismatsdaginn og Skipulagsdaginn, sem verða á sínum stað eins og venjan er, og þess má einnig geta að ný heimasíða stofnunarinnar mun líta dagsins ljós síðar á árinu. Það er því vert að skrá sig í viðburðaráskrift á heimasíðu Skipulagsstofnunar, fylgjast með og taka þátt!

Torgið er efnismeira að þessu sinni en venja er og komið víða við. Bryddað er upp á því nýnæmi að taka hús á ýmsum og eiga við þá tal. Egill Helgason segir okkur frá sýn fjölmíðlamannsins og menningarrýnisins á skipulagsmál, Guðrún Jensdóttir, sérfræðingur á sviði stefnumótunar og þróunar, segir okkur frá innleiðingu Skipulagsgáttar og miðlað er áhugaverðum áætlunum í mismunandi mælikvörðum, allt frá bæjarrými á góðum stað í Hafnarfirði yfir í landsdekkandi landsskipulagsstefnu sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Ólafur Arnason

Forstjóri Skipulagsstofnunar

Staðan tekin á Skipulagsgátt

Skipulagsgátt var opnuð með formlegum hætti um vorið 2023 og hefur því verið í loftinu í tæpt ár. Opnun gáttarinnar markaði tímamót í skipulagsmálum og rafrænni stjórnsýslu á Íslandi.

Líkt og oft á við um slík þáttaskil, er í mörg horn að líta. Skipulagsgáttin er enn í stöðugri mótun þar sem unnið er að þróun og umbótum svo hún sinni sínu hlutverki sem best. Guðrún Jensdóttir er sérfræðingur hjá Skipulagsstofnun á sviði stefnumótunar og miðlunar og hefur hún verið einn af lykilstarfsmönnum við inleiðingu Skipulagsgáttar.

Koma gáttinni í gagnid

„Við fórum af stað með gáttina vitandi að það ætti eftir að finna ýmsa virkni og nú er margt sem hefur verið lagfært frá útgáfu hennar, bæði atriði sem við vissum af þá þegar og önnur sem komu í ljós síðar,“ segir Guðrún, aðspurð um hvernig hafi gengið með að koma Skipulagsgáttinni af stað. „Við töldum það mikilvægara að koma henni í gagnid sem fyrst þó svo að hún væri enn í þróun, enda til þess fallin að stórbæta samráðsveitvang þeirra mála sem þangað fara inn. Mér þykir gáttin virka vel sem það tól sem hún gefur sig út fyrir að vera, og er mikið þarfþing sem hluti stafrænni inleiðingu sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar. Nú er hægt að fylgjast með skipulagsmálum og mati á umhverfisáhrifum frá upphafi til enda, og ferlið í heild sinni orðið gegnsærra og opnara fleirum en ella.“

Mikilvægur aðlögunartími

Guðrún segist þakklát notendum gáttarinnar, sem hafa sýnt bæði þolinmæði og skilning eftir því sem þróun hennar vindur fram. „Skipulagsgáttin kom út líkt og stormsveipur með tilheyrandi breyttum vinnubrögðum. Þetta er nýtt tól og því ber að skilja að það tekur nokkurn tíma að aðlagast en mér hefur þótt starfsfólk sveitarfélaganna sýna þessu ferli öllu mikinn skilning og þolinmæði, en eins komið



Guðrún Jensdóttir er sérfræðingur á sviði stefnumótunar og miðlunar. Mynd: Skipulagsstofnun.

með gagnlegar ábendingar varðandi lagfæringar eða viðbætur.“ Frá útgáfu gáttarinnar hefur mikill tími verið til einkaður inleiðingu, sem og leiðsögn og lagfæringum á málum.

Markmið um aukna skilvirkni séu einnig á pari en vonir standa til að bæta hana enn frekar. Guðrún heldur áfram. „Við sjáum til dæmis að það auki skilvirkni að geta sent út allar tilkynningar um mál sjálfkrafa til þeirra sem þau varða, svo sem beiðnir um umsagnir og ítrekanir vegna þeirra þegar það á við. Eins eru ferli sem eru bundin í lög, svo sem að gera þeim sem gerðu athugasemd við mál viðvart í kjölfar auglýsingar aðal- og deiliskipulagsmála um að búið sé að vinna úr þeim og að viðbrögð liggja fyrir. Það að Skipulagsgátt sendi út tilkynningar sjálfkrafa sparar náttúrulega ákveðinn tíma sem annars færi í að senda tölvupósta. Skilvirknin mun aukast enn frekar með tengingu við málaskrár sveitarfélaganna, en slíkum möguleika hefur alltaf verið haldið opnum við þróun Skipulagsgáttar. Einnig eru tækifæri til að breyta fyrirkomulagi varðandi staðfestingu skipulagsáætlana, sem nú er gert með auglýsingum í Lögbirtingarblaði og Stjórnartíðindum. Að auki er Skipulagsgátt mikilvægur þáttur í aukinni stafvæðingu skipulagsgagna. Það er mikil tilhlökkun fyrir þeirri breytingu, bæði hér innanhúss sem og utan.“

Að gáttin nýtist sveitarfélögum sem best

Aðspurð um helstu áskoranir og markmið fyrir Skipulagsgátt á nýju ári svarar Guðrún: „Við höldum áfram að þróa gáttina og erum með nokkrar hugmyndir um mikilvægar viðbætur svo að gáttin nýtist sem best þeim eru að nota hana hvað mest, þ.e. sveitarfélögunum. Til dæmis stendur til að tengja við málakerfi OneSystems, svo að skjalavistun gangi betur fyrir sig úr gáttinni. Það verður vonandi til mikilla bóta. Við viljum líka tengja gáttina við stafrænt pósthólf Ísland.is. Þá mun til dæmis ekki þurfa að senda út grenndarkynningu bréfleiðis heldur verða upplýsingar um þær sendar rakið til stafrænt pósthólf til viðkomandi hagsmunaaðila. Þetta eru stærstu breytingarnar en svo eru aðrar sem við sjáum fyrir okkur sem lúta að því að gera gáttina notendavænni,“ segir Guðrún að lokum. Hún kveðst um leið vongóð um áframhaldandi gott samstarf við notendur Skipulagsgáttar enda sameiginlegt verkefni að gera hana að góðu og gagnlegu verkfæri. Því séu allar ábendingar vel þegnar og eru notendur hvattir til að skila þeim á tölvupóstfang gáttarinnar. Guðrún vill einnig benda á að gáttin sé afurð mikils samstarfs og samráðs margra aðila. Forritunarteymi Advania, fagfólk úr einkageiranum, frá félagasamtökum og skipulagsembætti sveitarfélaganna lögðu öll hönd á plóg við þróunina.

Tillaga að landsskipulagsstefnu:

Loftslagsmiðað skipulag, samkeppnishæfni samfélaga og lífsgæði í hinu byggða umhverfi

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun var lögð fram af innviðaráðherra í nóvember síðastliðnum. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og tekur til landsins alls og haf- og strandsvæða.

Helstu áskoranir og viðfangsefni

Tillagan sem nú er til meðferðar er lögð fram með breyttu sniði frá gildandi stefnu og tekur á eftirfarandi lykilviðfangsefnum sem endurspeгла helstu áskoranir málaflokksins: Viðbrögðum við loftslagsbreytingum, jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæðum í byggðu umhverfi, uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða, landnotkun í dreifbýli, landnotkun á miðhálandi Íslands, orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta, skipulagi haf- og strandsvæða, skipulagi vindorku og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu eru nú sett fram í aðgerðaráætlun til fimm ára, sem er nýbreytni.

Samspil samfélags, náttúru og atvinnulífs

Stefnan byggir á þeirri framtíðarsýn fyrir skipulagsmál „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum,“ eins og segir í tillögunni. Stefna og áherslur hennar eru settar fram undir þremur markmiðum, um vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélagsins og samkeppnishæft atvinnulíf sem öll snerta á einn eða annan hátt á ofangreindum lykilviðfangsefnum. Settar eru fram áherslur sem byggja á markmiðum stefnunnar og horfa ber til



við skipulagsgerð í þéttbýli, dreifbýli, haf- og strandsvæðum og miðhálandi Íslands, auk sérstakra aðgerða á vegum ríkis eða sveitarfélaga til að ná þessum markmiðum fram. Miðað er að fjölpættum ávinningi aðgerða og skipulagsáherslna, þvert á markmið, hvort sem um er að ræða loftslagsmál, lífsgæði í byggðu umhverfi eða samkeppnishæfni samfélaga.

Loftslagsmiðað skipulag

Loftslagsmál eru gegnumgangandi þráður í tillögu að landsskipulagsstefnu að þessu sinni, en þar gegnir skipulagsgerð lykilhlutverki, bæði þegar kemur að því að vinna að kolefnishlutleysi með samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinni bindingu og hvað varðar aðlögun og seiglu samfélaga gagnvart þeim afleiðingum sem loftslagsbreytingar hafa í för með sér. Í tillögunni er lagt upp með að sveitarfélög hafi kolefnishlutleysi og loftslagsmarkmið í forgrunni við útfærslu skipulags á öllum stigum, m.a.

með áherslu á bætt aðgengi að upplýsingum, endurheimt vistkerfa, vistvænt skipulag byggðar og forgang vistvænna ferðamáta svo fátt eitt sé nefnt.

Samkeppnishæf samfélög og borgir

Þá eru í framlagðri tillögu dregin fram þættir sem grundvalla velsæld samfélaga með farsælli þróun byggðar og atvinnulífs, til að mynda með skipulagsáherslum sem ætlað er að styrkja samkeppnishæfni byggða og samfélaga um landið og þá jafnframt landsins alls í alþjóðlegum samanburði. Með áherslum sem snúa meðal annars að góðum innviðum og tengingum á milli byggða, jöfnum búsetuskilyrðum, sjálfbærri nýtingu auðlinda, jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og gæðum í hinu byggða umhverfi, er von til að stuðla megi að sjálfbærni byggða og borgarsvæða sem eftirsótt eru til búsetu og atvinnu og jafnframt sem áfangastaðar til að sækja heim.

Egill Helgason ræðir arkitektúr og skipulagsmál

„Uppáhaldsborgin er að sjálfsögðu París“

Egill Helgason er þjóðkunnur fjölmiðlamaður sem hefur fengið við blaðamennsku og dagskrárgerð fyrir sjónvarp og útvarp um áratugaskeið. Egill hefur verið hvað þekktastur fyrir að vera stjórnmalaskýrandi og bókmenntasérfræðingur í sjónvarpi en á síðustu árum hafa arkitektúr og skipulagsmál verið meðal áberandi hugðarefna. Þáttaraðir eins og Steinsteypuöldin og Bæirnir byggjast, sem voru unnir í nánu samstarfi við Pétur Ármannsson, arkitekt, bera þess glöggvitni. En hvaðan kemur þessi mikli áhugi? Egill ræddi við Torgið um málið.

Reykjavík var afskaplega skrýtin

„Ég hef alltaf verið mikill borgarmaður, fer snemma að ferðast um borgir, skoða þær og fyrst og fremst með því að ganga,“ segir Egill og vísar þar í þekkta áhugamenn um borgarskipulag úr rithöfundastétt sem stunduðu það að „flana“, að ganga um tímunum saman og týna sér í borgarlandslaginu. Meðal þekktra flanara voru til dæmis þýski heimspekingurinn Walter Benjamin og franskirithöfundurinn Charles Baudelaire. Egill heldur áfram. „Það kveikti held ég smám saman áhugann. Ég er alinn upp í Reykjavík sem var afskaplega skrýtin borg á margan hátt. Hún var dreifð og tætingsleg, mikið af byggðinni var lengi vel illa farin. Erlendir vinir mínir sem settust hér að á 8. áratugnum áttu til að kalla þetta „ljóðrænan dapurleika.“ Eins og gamla byggðin væri dæmd til eyðileggingar. En ég er af þessari kynslóð sem hrífst að húsvernd, Torfusamtökin verða til þegar ég er unglingur, og jú, það kveikti í manni. En svo má minnast á að þegar ég var í menntaskóla þá var Pétur Ármannsson þegar byrjaður að skrifa um

arkitektúr í skólablaðinu. Ég var því snemma byrjaður að lesa eftir hann.“

Þið Pétur hafið síðan unnið þáttaraðir um arkitektúr og skipulagsmál fyrir sjónvarp. Fylgir því mikil ábyrgð að taka að sér slík umfjöllunarefni sem allajafna er lítið fjallað um í sjónvarpi en skipta samfélagið um leið miklu máli?

„Ég er mjög stoltur af þessum þáttum, það er fjallað of lítið um arkitektúr og skipulagsmál í sjónvarpi. Þetta er sjónrænt efni og fólk hefur áhuga. Þættirnir hafa fengið feikigóðar viðtök. Við höfum reynt að vanda okkur eins og við getum með myndræna framsetningu. Pétur leggur grunninn, en svo bætum við Ragnheiður Thorsteinsson ofan á – hún er snillingur í myndvinnslu, sérstaklega á gömlu

sögulegu efni. Við reynum að gæta þess að efnið sé á fróðlegum og skemmtilegum nótum, blöndum inni í það persónusögu, en að það standi einnig á traustum fræðilegum grunni. Frásögnin er yfirleitt með heldur rólegt yfirbragð, það verður að segjast eins og er að við höfum ekki hætt okkur langt inn í nútímann, þar sem eru meiri átök. Við erum meira í hinn sögulegu vídd – undirstöðunni. En auðvitað koma skoðanir okkar Péturs að einhverju leyti fram.“

Mótaður af æskunni við Ásvallagötu

Þú hefur einnig skrifað mikið um skipulagsmál, bæði sem blaðamaður og einnig á samfélagsmiðlum. Hvað hefur helst mótað skoðanir þínar á arkitektúr og skipulagsmálum?



Egill dyttar að garðinum á fallegum sumardeggi. Mynd: Egill Helgason.

„Æska mín mótar mig auðvitað. Ég ólst upp á Ásvallagötunni, í hverfi sem er með afar finan þéttleika, mjög finan hverfisvef. Þar var barnvænt með eindæmum, mikið af gróðri og gördum til að leika sér í. Í dag eru miklu fleiri bílar sem hafa tekið yfir göturnar þarna, en á þessum tíma finnst mér þetta hafi verið paradís fyrir krakka og mig langar líka að segja gamalt fólk. Þarna var góð blöndun í hverfinu, fólk af mörgum stéttum, og mikið mannlíf. Í hverju húsi voru 3–4 íbúðir og þar af leiðandi var fullt af fólki. Ég ólst til dæmis upp í íbúð sem hefur ekki verið meira en 60–70 fermetrar og við vorum fjögur. Það þótti bara eðlilegt.“

Þú upplifðir þarna ef til vill ákveðin meginlandseinkenni? „Það má segja það. Þetta er eitt best heppnaða hverfi á Íslandi, mjög eftirsótt, og mér finnst það til fyrirmyndar varðandi þéttleika líkt og sum svæði í Þingholtunum og Skólavörðuholti. Við eigum ekki að byggja mjög hátt upp í loft á Íslandi – aðallega vegna þess að sólin er svo lágt á lofti.“

Fátt kveikir jafnmikið í fólki og rífrildi um húsbýggingar

En ef við förum aftur út fyrir landsteinana, áttu þér uppáhaldsarkitekt, uppáhaldsborg eða jafnvel uppáhaldsbýggingu?

„Ég er kannski ekkert sérstaklega frumlegur en þá verð ég að segja Jan Gehl. Hann er í miklu uppáhaldi. Ég tók langt sjónvarpsviðtal við hann og hann hreif mig mjög. Ég er auðvitað bara leikmaður og hef ekki lesið neinn aragrúa af ritum um borgarskipulag en í hugmyndum Gehl er að finna mjög rökrétta mynd af því sem borg ætti að vera. Þá sérstaklega, eins og ég minntist á áðan, að borg þurfi að ganga upp fyrir börn og fyrir gamalmenni. Ef hún gerir það, þá gengur hún upp fyrir alla.“

Mætti kalla Egil „úrbanista“?

„Ég myndi gera það. Ég er fylgjandi þéttri byggð en að sama skapi finnst mér við síðustu árin hafa misst sjónar á þeirri borg sem við viljum ná fram, farið fram í of miklu flýti og offorsi. Uppbyggingin hefur verið alltof groddaleg og fagurfræði setið



„Erlendir vinir mínir sem settust hér að á 8. áratugnum áttu til að kalla þetta „ljóðrænan dapurleika.“ Frakkastígur, árið 1973. Mynd: Christian Bickel/Wikimedia Commons.

á hakanum. Ég er þéttingarsinni en um leið verðum við að huga að íslenskum sérkennum og byggðinni sem fyrir er. Ég hef tekið þátt í deilum um uppbyggingu, ekki síst í miðbænum – fátt kveikir jafnmikið í fólki og rífrildi um húsbýggingar. En það er líka gott að þekkja söguna, hvernig bæirnir mótuðust. Það var til dæmis uppgötvun fyrir mig að komast að því hversu mikið við höfum byggt á landfyllingum á Íslandi, ekki bara í Reykjavík, heldur líka á Ísafirði, Akureyri og Hafnarfirði.“

Uppáhaldsbýggingarnar eru í Reykjavík

Og uppáhaldsborg, svarið er þar kannski fyrirsjáanlegt? „Já, mikil ósköp. Uppáhaldsborgin er að sjálf-sögðu París. Hún er alveg einstök. Hvað hún er þétt og gönguvæn, annað en til dæmis London sem er í raun margar eyjar þar sem talsverð fjarlægð er á milli. Ég bjó eitt sinn í París og það var svosem ekki glæsilegur húsakostur í hógværum stúdentaíbúðum þar sem klósettið var jafnvel frammi á stigagangi. En París býr yfir óendanlegum töfrum og borginni er svo dásamlega vel við haldið.“

Er uppáhaldsbýgginguna líka að finna í París?

„Nei, ekkert endilega, ég er ekki mikið fyrir hallir. Ef ég er alveg hreinskilinn þá eru uppáhaldsbýggingarnar mun frekar í Reykjavík. Ég nefni tvær. Það er Safnahúsið annars vegar, sem er byggt að danski fyrirmynd, og Háskólabíó hins vegar. Safnahúsið

er byggt upp úr aldamótunum 1900 og hefur nýst ótrúlega vel í gegnum tíðina, byggingin er ekki bara fögur, heldur hefur hún mikið notagildi, þar voru eitt sinn fjögur söfn. Háskólabíó er allt annarrar gerðar en það er frábærlega heppnað samkomuhús – og svo veit ég fátt fallegra í Vesturbænum en að sjá bíóið með sínum sérkennilegu gluggum að kvöldlagi. Ég tek fram að hús þurfa alls ekki að vera gömul til að vera fallelg. Ég hrífst mjög af góðum nútímaarkitektúr – nefni til dæmis að ég er mjög sáttur við Hörpu. Fáar borgir eru líka meira spennandi en New York með sínum stóru hugmyndum um nútímann.“

En eru fleiri þáttaraðir væntanlegar um arkitektúr og skipulagsmál?

„Það hefur verið nefnt en ekkert komist af umræðustiginu. En það er vissulega spurn eftir þessu efni. Það væri til dæmis hægt að einblína meira á einstakar byggingar eða arkitekta. Ég væri alveg til í það.“



Eiffel-turninn og Signa, brýnar Pont des Arts, Pont du Carroussel og Pont Royal, sem liggur að Orsay-safninu. Hin stórbrotna París á sumardegi. Mynd: Wikimedia Commons/Zinneke.

„Það á að stefna að því að fólk sækist eftir því að dvelja í eigin hverfi“

Viðtal við Mariu Vassilakou



Maria Vassilakou flutti fyrirlestur á vegum Betri samgangna síðastliðið haust. Mynd: Betri samgöngur.

Á síðasta ári vakti nokkra athygli þegar tilkynnt var um þátttöku erlendra sérfræðinga í dómnefnd skipulagssamkeppni á vegum Betri samgangna um þróunarsvæðið við Keldur. Maria Vassilakou, fyrrverandi aðstoðarborgarstjóri Vínarborgar, var meðal þeirra sem tók þar sæti.

Hún hefur mikla reynslu af sveitarstjórnarstörfum, tók fyrst sæti sem borgarfulltrúi í Vín árið 1996 fyrir Græningja en varð síðar, á árum sínum sem varaborgarstjóri 2010 til 2019, áberandi sem formaður nýs sviðs sem sameina átti málefni borgarþróunar og skipulags-, samgöngu-, orku- og umhverfismála. Frá þeim tíma hefur Vínarborg jafnan verið í efstu sætum lista breska tímaritsins The Economist yfir lífvænlegustu borgir heims (e. Global

Liveability Ranking) og er í dag talin sú lífvænlegasta. Maria starfar ekki lengur á sviði stjórn mála og sinnir í dag ráðgjafarstörfum um allan heim, en hún er menntuð í málvísindum og skipulagsfræðum.

Afdrifarík ráðstefna

Maria er ekki viss um hvernig það kom til að hún hafi fengið boð um að taka sæti í dómnefndinni um þróun Keldnalands. „Ég get svo sem ekki fullyrt um það, en mig grunar að það eigi rætur í ráðstefnu um virka ferðamáta þar sem ég flutti lykilerindi árið 2013. Þar var íslensk sendinefnd sem gaf sig á tal við mig og þótti greinilega mikið til erindi míns koma. Þegar mér bauðst þetta tækifæri þurfti ég ekki að hugsa mig tvisvar um, ég hafði komið áður til Íslands og hrifist af landi og þjóð og fannst verkefnið sem slíkt einnig afar spennandi.“

Grænt heildrænt hverfi

Dómnefndarstörfum í samkeppninni um þróunarsvæðið við Keldur lauk síðastliðið haust með sigri tillögunnar „Crafting Keldur“ frá sænsku arkitektastofunni FOJAB. Segja má að nokkur eftirvænting hafi ríkt fyrir niðurstöðum keppinnar en undirbúningsrannsóknir á svæðinu hafa til að mynda staðið yfir frá árinu 2021. Snemma árs 2023 var gefin út nákvæm keppnislýsing, þar sem var m.a. farið fram á gönguvænt hverfi, blandaða byggð, náttúrugæði, virðingu fyrir staðaranda og raunhæfar samgöngutengingar fyrir alla ferðamáta. Maria segir ljóst að sigurtillagan hafi verið sú sem hafi helst uppfyllt markmið keppnislýsingarinnar, þótt hún taki fram að aðrar tillögur hafi einnig verið afar frambærilegar.

„Mér þykir tillögu FOJAB hafa tekist einstaklega vel upp við að virða



Svona sér sænska arkitektastofan FOJAB fyrir sér að Keldur gætu litið út. Mynd: Betri Samgöngur/FOJAB.

staðaranda þar sem hún sýnir það sem ég hef kallað grænt heildrænt hverfi (þ. „durch Grünes Viertel“). Oftar en ekki sjáum við ágætari tillögur að þróun borgarlands þar sem við erum með stórt grænt svæði í miðju, þar sem byggðin þróast í jaðrinum og myndar eins konar belti. Á meðan eru innviðir, verslun og þjónusta innan beltisins, án þess að ganga um of á græna svæðið í miðjunni. Þannig geta börn til dæmis gengið í skóla án þess að þurfa að hafa áhyggjur af bílaumferð og hættunni sem af henni stafar. Ég er jafnan hlynnt þannig tillögum og í þessari samkeppni fengum við nokkrar slíkar. Það sem hreif mig sérstaklega við tillögu FOJAB var að hún nær að samþætta náttúrugæði við borgargæði, hún er með vel skilgreinda hverfiskjarna og dvalarstaði, vel skilgreinda samgönguása fyrir alla ferðamáta og þá sérstaklega fyrir gangandi. Hún bætir um leið aðgengi fólks að náttúrugæðum, bæði innan hverfis og einnig fyrir utan. Hún er einnig vel heppnuð með tilliti til leiðakerfis Borgarlinu og íbúðauppbyggingar við lykilstöðvar. Fyrir ökumenn er hverfið vel aðgengilegt einkabílum, viðbragðsaðilum og vöruflutningum, en með lágmarksáhrifum á heilbriggt borgarlíf. Þarna sé ég fyrir mér að fólk geti búið, dvalið og starfað, því það raunveru-

lega langar til þess en ekki því það neyðist til þess vegna þess að það finnur ekkert betra. Ég tel að þarna þróist borgarhluti sem er í senn gönguvænn og um leið gríðastaður fyrir börn til að leika sér og dvelja í öruggu og rólegu umhverfi.“

Náttfatahverfi víða vandamál

Hafðir þú komið til Reykjavíkur áður en kom að störfum fyrir dómnefndina? Hvaða tilfinningar hafðirðu gagnvart borginni eftir fyrstu heimsóknirnar? „Já, ég hafði komið til Reykjavíkur áður og líkaði mjög vel. En það sem mér finnst skorta í hverfin í Reykjavík eru betri innviðir. Þá á ég við nærþjónustu, verslanir, kaffihús, bakarí, veitingastaði og svo framvegis. Þetta gerir það að verkum að lítil umsvif einkenna hverfin yfir daginn, þegar fólk fer til vinnu. Í mínu starfi tölum við stundum um náttfatahverfi. Þetta er vandamál sem einskorðast alls ekki við Reykjavík, þetta er vandamál um allan heim. Annað sem er eftirtektarvert er lítil fjölbreytni í byggingarstil sem er að finna innan hverfa, en ég tek fram að heimilin sjálf þykja mér oftast mjög falleg. En í dæmigerðu hverfi á höfuðborgarsvæðinu er ef til vill einum stíl framfylgt um allt hverfið svo framhliðar bygginga verða allar nokkuð keimlíkar. Litavalið er þó jafnan fjölbreytt, sem er auðvitað jákvætt. Það vantar meiri fjölbreytni í byggingarstíla, eitthvað

sem gerir hverfin spennandi og hvetur fólk til að staldra við og taka ákvörðun um að fara í göngutúr, um að dvelja meira innan hverfis, að stunda íþróttir, fara út að skokka, að njóta umhverfisins. Allt þetta spilar hlutverk í því að fylla hverfin lífi. Það sem ég er einmitt ánægð með í tillögunni um Keldur er fjölbreytnin í framhliðum bygginga, hæðum og efnisvali.“

Íbúar verða að skynja hver ávinningurinn er

Gæti Reykjavík einhvern tímann fetað í fótspor Vínarborgar og orðið ein lífvænlegasta borg heims? „Já, því ekki það? Ég held það. Stefnan hefur verið sett í rétta átt. Að mínu viti er fyrsta skrefið að koma Borgarlinu í framkvæmd. Með hágæða almenningsamgöngum er hægt að draga úr áhrifum einkabilsins og bjóða fólki upp á raunverulegt val um ferðamáta og þá er hægt að skoða næsta skref, sem er að bæta innviði hverfa, bæta þjónustustig innan hverfa, bæta við verslunum, kaffihúsum og gera þau að eftirsóttum dvalarstað fyrir íbúa þeirra. Það á að stefna að því að fólk sækist eftir því að dvelja í eigin hverfi. Íbúar hverfanna verða að skynja mjög sterkt hver ávinningurinn er af slíkum umbreytingum fyrir þá. Smátt og smátt er þannig hægt að bæta borgina, gera hana lífvænlegri og um leið grænna, reit fyrir reit.“

Haraldur Sigurðsson hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin

„Að skapa betri þekkingu á sögunni“

Samfélag eftir máli: Bæjarskipulag á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi eftir Harald Sigurðsson kom út hjá Sögufélagi fyrir síðustu jól. Bókin hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 2023 í flokki fræðibóka og rita almenns efnis. Í umsögn dómnefndar sagði m.a.: „Ritið byggir á langri og ítarlegri rannsóknarvinnu höfundar, framsetningin er aðgengileg og textinn einkar lipur. Skipulagsfræðin eru sett í samhengi við hugmyndasögu hvers tíma, svo og atvinnu- og lýðræðispróun, einkum á vesturlöndum, og vísanir í íslenskar og alþjóðlegar bókmenntir og listir þetta verkið og gefa því breiðari skírskotun. Höfundur segir hlutlægt frá, en er gagnrýnn á stefnur og strauma og minnir lesendur oft á að engin algild sannindi eru til í þessum fræðum.“

Haraldur, sem er mörgum að góðu kunnur sem skipulagsfulltrúi í Reykjavík, vann að verkinu um árabíl meðfram störfum sínum fyrir borgina og óhætt er að segja að um tímamóta- verk sé að ræða. „Hvatinn að skrifunum var að skapa betri þekkingu á sögunni þannig að við gætum lært af skipulagsákvörðunum fortíðarinnar og stuðlað að betri skipulagsgerð til framtíðar litið,“ segir Haraldur í samtali við Torgið. „Í bókinni er hins vegar ekki verið að draga sérstaklega fram einstakar ákvarðanir eða áætlanir sem við gætum kallað mistök og ég forðast að setjast í dómarasætið í þeim efnum. En það sem rak mig áfram í skrifunum á seinustu árum er þörf mín að reyna að skilja betur eðli og tilgang skipulagsgerðar og horfa á hana í hinu stóra samhengi, fræðilega



og alþjóðlega; í raun að skrifa til að vikka út eigin huga og vonandi næ ég að miðla því áfram til lesenda í þessari bók.“ Bókina, sem er 538 síður, prýðir fjöldi mynda sem hafa margar hverjar ekki birst áður og einnig má þar finna fjölda skipulagsuppdráttar sem setja skipulagsgerð í samhengi við söguna, þéttbýlið og þróun samfélagsins.



Haraldur Sigurðsson hefur flutt fjölmarga fyrirlestra um verðlaunabókina *Samfélag eftir máli*. Mynd: Haraldur Sigurðsson.



Þar sem áður var iðnaður er nú blómleg byggð. Vel heppnuð þétting við Dvergsreit. Myndir: KRADS/Trípólí.

Skipulagsglugginn

Áhugaverð skipulagsverkefni

Vel heppnuð þétting í Hafnarfirði

Í hjarta Hafnarfjarðar hefur risið þyrping húsa á svokölluðum Dvergsreit. Nafnið er dregið af trésmíðaverksmiðjunni Dverg sem stóð á sama reit meðfram Lækjargötu, frá Suðurgötu og upp með Brekkugötu. Arkitektastofurnar KRADS og Trípólí, ásamt Landmótun, hönnuðu reitinn, sem var tilnefndur til Hönnunarverðlauna Íslands árið 2023 sem „staður ársins“. Verkefnið samanstendur af 19 íbúðum og fimm verslunarrýmum á jarðhæð ásamt fallegum inngarði. Í rökstuðningi dómnefndar um verðlaunin segir að reiturinn sé höfundum sínum, verkkaupa og sveitarfélaginu til mikils sóma og að þar sé þétting byggðar vel heppnuð. Fallega sé unnið með umfang og form nærliggjandi húsa og haganlega sköpuð rými séu milli bygginganna, þrátt fyrir mikinn þéttleika. Efnisval sé nútímalegt,

en vísi í nærliggjandi hús og minnki sýnilega stærðarskölun með markvissri notkun breytileika í efnisvali.

Andri Gunnar Lyngberg, arkitekt hjá Trípólí, sagði í samtali við Torgið að markmiðið hafi verið að láta nýja byggð falla vel að umhverfinu. „Við vorum að horfa á gömlu timburhúsin sem eru oft dálítið skrytín í laginu, eru með afgerandi liti, standa oft á sökkli, með mænisþak og fleira í þeim dúr. Það þýðir þó alls ekki að við vildum endurgera þau hús, en án vafa nota þau sem innblástur til að gera eitthvað ögn frábrugðið en um leið vernda staðinn og þann anda sem hann hefur að geyma.“ Aðspurður hvort Dvergsreitur geti verið öðrum þéttingarreitum fyrirmynd segir Andri að hann voni að svo verði. „Ég er mjög hlynntur samkeppnisfyrirkomulaginu og því að ungir arkitekta fái tækifæri. Og ég



vona svo sannarlega að horft sé til nærumhverfisins þegar þéttingarreitir eru hannaðir.“